



Mælaborð í Barnaverndarþjónustu

Velferðar-og
mannréttindasvið
Akraneskaupstaðar

Júlí 2025



Verkefnatillaga

Bakgrunnur

Velferðar-og mannréttindasvið Akraneskaupstaðar hefur óskað eftir verklýsingu auk kostnaðar-og tímaáætlunar við ráðgjöf og vinnu við að setja upp og veita ráðgjöf vegna innleiðingar á Mælaborði í Barnaverndarþjónustu.

Meðfylgjandi er verkefnatillaga og tilboð KPMG.

Við vonum að þessi tillaga sé í samræmi við ykkar væntingar en erum reiðubúin til frekara samtals við ykkur um nálgun og þá útfærslu sem lýst er í tillögu þessari.

Virðingarfyllst,

María Rós Skúladóttir, Verkefnastjóri KPMG

Sími: 696-4314

mrskuladottir@kpmg.is



Markmið verkefnisins:

Að innleiða og setja upp mælaborð í Barnaverndarþjónustu með það að markmiði að bæta yfirsýn, auka gagnsæi og greina álag.

Hlutverk KPMG:

- Gagnvirkt mælaborð er sett upp í umhverfi verkkaupa sem byggir það á gögnum verkkaupa í barnaverndarþjónustu, stöðu og feril mála og upplýsingum um starfsmenn velferðarsviðs verkkaupa.
- Aðstoða verkkaupa með uppsetningu og utanumhald á mælaborði.
- Veita ráðgjöf í tengslum við verklag, skráningar og tækifæri við nýtingu á lausninni.

Mælaborð í Barnavernd

Stjórnunarverkfæri


Betri yfirsýn yfir stöðu mála

Samskiptatæki


Grunnur að opnum samtölum á milli stjórnenda og starfsfólks, og við aðra sem koma að málaflokknum

Aðgerðatæki

Hægt að bregðast tímanlega við þróun á álagi á starfsfólki og aukningu í fjölda mála, eða fækkun



Mælaborð í Barnavernd



Ávinningur

Mælaborð
Barnavernd

Forsendur

Ávinningur

Upplýsingar um fjölda, stöðu og þyngd mála. Greining á álagi sem bregðast má við með gagnadrifinni stjórnun. Aukið gagnsæi í starfsumhverfi barnaverndar með rauntímaupplýsingum. Getur nýst sem samtalskveikja stjórnenda og starfsmanns og gefur tækifæri til að draga fram upplýsingar á einfaldan og notendavænan hátt. Mælaborðið getur gefið stjórnendum og kjörnum fulltrúum yfirlit yfir stöðu innan málaflokksins

Forsendur Mælaborðs

Málavog þróuð í Gautaborg Svíþjóð. Leiðbeiningar Barna og fjölskyldustofu um málavog í barnavernd. Ferill barnaverndarmála skv. íslenskum Barnaverndarlögum. Upplýsingar, verkferlar og forsendur í samstarfi við Barnaverndarþjónustu Suðurnesjabæjar

Gagnvirk mælaborð

Gagnasöfn, álagsmæling, skilgreining á þyngd mála, tegund og stöðu máls, fjöldi málastjóra og mála.

Tímarammi og þóknun

Ferill verkefnisins og tímarammi

1. Vinna KPMG hefst þegar verksamningur hefur verið undirritaður.
2. Gerður er 6 mánaða samningur sem felur í sér ráðgjöf, aðstoð við innleiðingu og uppsetningu á PBI skýrslu sem sett er upp í umhverfi verkkaupa. Samningurinn felur í sér stöðufundi 2 sinnum í mánuði ásamt ráðgjöf og aðstoð við innleiðingu mælaborðsins og breytingar á verklagi.

KPMG leggur áherslu á nána samvinnu við verkkaupa á meðan á verkefninu stendur. Þannig verði áherslur við vinnslu verkefnisins þróaðar, aðlagðar og uppfærðar á vinnslutímanum eins og metið er æskilegt.

Afurðir

KPMG mun afhenda verkkaupa eftirfarandi afurðir:

- PBI lausn - Gagnvirk mælaborð í Barnavernd
- Ráðgjöf og stuðning við innleiðingu og breytingar á verklagi

Þóknun

- Sveitarfélagið greiðir fast mánaðargjald 330 þús.kr. án vsk. í 6 mánuði að frádregnum afslætti í samræmi við kjör Akraneskaupstaðar hjá KPMG.
- Áætlað er að mestur þungi í vinnunni verði fyrri hluta samningstímabilsins, en verkkaupi greiðir alltaf sama mánaðargjaldið.
- Samningurinn verður til 6 mánaða. Á miðju tímabili fara verkkaupi og KPMG sameiginlega yfir framkvæmd samningsins og endurmeti þörf fyrir vinnu og aðstoð.

Samningurinn er opin og verkkaupa er heimilt að leita til KPMG um aðra þjónustu og ráðgjöf sem tengist verkefninu. Samið verður sérstaklega um þóknun vegna þeirrar þjónustu.

Tilboð þetta er sett fram með fyrirvara um viðunandi áhættumat verkefnisins í samræmi við gæðareglur KPMG. Endanleg ákvæði um framkvæmd verkefnisins verða í samningi milli aðila.

Ráðgjafateymi KPMG

KPMG teflir fram teymi sérfræðinga með sérþekkingu á viðfangsefninu:



Magnús Ólafur Kristjánsson
Partner KPMG

Magnús er ábyrgðaraðili verkefnisins. Magnús hefur komið að fjölbreyttum verkefnum fyrir sveitarfélög, m.a. á sviði áætlanagerðar, fasteignarekstrar, greininga og rekstrarráðgjafar.

Magnús starfar í sérfræðihópi KPMG á sviði þjónustu við sveitarfélög, fyrirtæki þeirra og aðra opinbera aðila



María Rós Skúladóttir
KPMG Manager

Verkefnastjóri

María Rós hefur viðamikla reynslu sem stjórnandi innan velferðarþjónustu og þekkingu á opinberri stjórnsýslu. Er með framhaldsmenntun í verkefnastjórnun og hefur reynslu af stjórnun, stefnumótun, verkefnastjórn og mannauðsmálum.



Hildur Lára Jónsdóttir
KPMG Associate

Verkfræðingur og sérfræðingur í gagnalindum og framsetningu gagna.

Hildur hefur víðtæka þekkingu og reynslu í greiningu og vinnslu gagna bæði út frá námi og fyrri störfum. Það felur í sér hvernig sé hægt að nýta gagnainnviði og skýjalausnir til þess að taka gagnadrifnar og upplýstar ákvarðanir.

